

**2008 nr. 93 12. júní****Lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða**

Tóku gildi 24. júní 2008. Breytt með L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **utanríkisráðherra** eða **utanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Markmið.**

□ Tilgangur laga þessara er að mæla fyrir um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

**■ 2. gr. Þvingunaraðgerðir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.**

□ Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og Íslandi er skylt að hlíta vegna aðilar sinnar að þeim. Kynna skal slíkar ráðstafanir með reglulegum hætti fyrir utanríkismálanefnd Alþingis.

**■ 3. gr. Þvingunaraðgerðir alþjóðastofnana eða ríkjahópa.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, sbr. lög um þingsköp Alþingis, að taka þátt í og gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að framkvæma ályktanir alþjóðastofnana eða ríkjahópa um þvingunaraðgerðir sem eru samþykktar til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

**■ 4. gr. Framkvæmd þvingunaraðgerða.**

□ Heimilt er að innleiða fyrirmæli ályktunar um þvingunaraðgerðir skv. 2. og 3. gr. með reglugerð. Í þeim tilgangi getur reglugerð mælt fyrir um:

- bann við viðskiptum og fjárfestingum,
- bann við inn- og útflutningi, þ.m.t. á vopnum,
- frystingu á fjármunum og öðrum eignum,
- bann við samskiptum, þar á meðal fjarskiptum og menningarsamskiptum,
- bann við ferðum einstaklinga og farartækja,
- bann við að veita þjónustu og hjálfun,
- bann við að veita efnahagsaðstoð og tæknilega aðstoð,
- bann við starfsemi og þátttöku í atvinnulífi, og
- aðrar hliðstæðar aðgerðir sem ákveðnar eru til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

□ Í reglugerð skal taka fram um hvaða ályktun sé að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast.

□ Nú eru gefnir út listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerðar og er þá heimilt að birta erlendan frumtexta listanna í B-deild Stjórnartíðinda, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja virkni þvingunaraðgerðarinnar.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal halda skrár um þvingunaraðgerðir sem eru í gildi hér á landi og gegn hverjum þær beinast.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 494. gr.

**■ 5. gr. Réttindi og skyldur sem fara í bága við þvingunaraðgerðir.**

□ Óheimilt er að efna samninga, eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við þessi lög og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi

réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

□ Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

**■ 6. gr. Úrræði gegn aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn.**

□ Þrátt fyrir að grunur liggi ekki fyrir um refsivert athæfi er heimilt að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála á aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna sem lúta að viðfangi þvingunaraðgerðarinnar, t.d. vopnum, fjármunum og öðrum eignum.

**■ 7. gr. Brottfall ályktunar.**

□ Sé ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir afturkölluð, fallin úr gildi eða eigi hún ekki lengur við skal ráðherra svo fljótt sem verða má fella úr gildi reglugerð sem kemur ályktuninni til framkvæmda.

**■ 8. gr. Undanþágur frá þvingunaraðgerð.**

□ Ráðherra getur veitt undanþágu frá þvingunaraðgerð sem framkvæmd er með heimild í þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði þvingunaraðgerðarinnar.

**■ 9. gr. Afskráning af lista.**

□ Íslenskir ríkisborgarar, einstaklingar búsettir á Íslandi og lögaðilar sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, sem telja sig ranglega tilgreinda á lista yfir aðila sem þvingunaraðgerð beinist gegn, geta borið upp við ráðherra rökstutt og skriflegt erindi um að vera fjarlægðir af listanum. Ráðherra skal leiðbeina viðkomandi um þau úrræði sem eru fyrir hendi. Þá getur ráðherra ákveðið að leggja fram beiðni hjá þar til bærum aðilum um að viðkomandi verði fjarlægður af listanum. Við slíka ákvörðun skal ráðherra gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

**■ 10. gr. Viðurlög.**

□ Sá sem brýtur gegn boði eða banni sem mælt er fyrir um í reglugerð skv. 1. mgr. 4. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum.

□ Hafi brot sem vísað er til í 1. mgr. verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

□ Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmannur eða starfsmannur gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

□ Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

□ Hafi ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnunar eða ríkjahóps um þvingunaraðgerðir verið afturkölluð eða sé hún fallin úr gildi þegar brot er framið verður refsingu ekki beitt samkvæmt þessum lögum.

**■ 11. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsíabyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

□ Lögin gilda gagnvart lögaðilum sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún á sér í stað innan íslenskrar lögsögu.

**■ 12. gr. Nánari reglur.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með framkvæmd laga þessara og er heim-

ilt að setja nánari reglur<sup>2)</sup> þar að lútandi.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 494. gr. <sup>2)</sup> Rg. 119/2009 (um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða), sbr. 298/2010. Rg. 120/2009 (Líbanon), Rg. 122/2009 (um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi hryðjuverkastarfsemi), sbr. 117/2013. Rg. 123/2009 (um alþjóðlegar öryggisaðgerðir varðandi geryðingarvopn), sbr. 325/2009. Rg. 140/2009 (Fílabeinsströndin), sbr. 544/2011. Rg. 141/2009 (Írak), sbr. 301/2010. Rg. 147/2009 (Sierra Leóne), sbr. 544/2011. Rg. 148/2009 (Libería), sbr. 544/2011. Rg. 153/2009 (Norður-Kórea), sbr. 734/2009. Rg. 154/2009 (hryðjuverkasamtök (Al-Qaida og Talíbana)), sbr. 328/2010 og 544/2011. Rg. 155/2009 (alþýðulýðveldið Kongó (Austur-Kongó)), sbr. 544/2011. Rg. 156/2009 (Súdan), Rg. 901/2009 (Moldóva), Rg. 903/2009 (Simbabve), Rg. 904/2009 (um aðgerðir til stuðnings við starfsemi Alþjóðlega sakamáladómstólsins fyrir fyrrum lýðveldi Júgóslavíu), Rg. 299/2010 (Sómalía), sbr. 544/2011. Rg. 300/2010 (Eritrea), sbr. 544/2011. Rg. 542/2011 (Alþýðulýðveldið Kórea), Rg. 543/2011 (um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum í Túnís), Rg. 801/2011 (Íran), Rg. 870/2011 (Bárma/Mýanmar, Egiptaland, Gínea, Íran, Líbía og Sýrland), sbr. 581/2012. Rg. 97/2012 (Belarús).

**■ 13. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi taka þegar gildi. . . .